

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2000/24/EB**frá 28. apríl 2000**

um breytingu á viðaukunum við tilskipanir ráðsins 76/895/EBE, 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/895/EBE frá 23. nóvember 1976 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á ávöxtum og matjurtum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 97/41/EB ⁽²⁾, einkum 5. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/71/EB ⁽⁴⁾, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/363/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á matvælum úr dýraríkinu ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 1999/71/EB, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum ⁽⁶⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 1999/71/EB, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þegar um er að ræða korn og afurðir úr jurtaríkinu, þar með taldir ávextir og grænmeti, svarar leyfilegt hámarksmagn leifa til notkunar á minnsta magni varnarefna sem nægir til að verja plöntur, þannig að leifarnar verði eins litlar og mögulegt er og viðunandi frá eiturefnafræðilegu sjónarmiði, einkum með tilliti til umhverfisverndar og að því er varðar það magn sem áætlað er að berist með fæðu. Þegar um er að ræða matvæli úr dýraríkinu svarar leyfilegt hámarksmagn leifa til neyslu dýra á korni og afurðum úr jurtaríkinu, meðhöndluðum með varnarefnum, sem leiðir af sér leifar bæði í dýrum og dýraafurðum, auk þess að tekið er tillit til beinna áhrifa af notkun dýralyfja þegar það á við.
- 2) Leyfilegt hámarksmagn leifa er ákvarðað við lægri mörk greiningarákvörðunar ef leyfileg notkun plöntuvarnarefnis hefur ekki í för með sér greinanlegar varnarefnaleifar í eða á matvælunum eða ef engin notkun er leyfð eða ef notkun, sem aðildarríkin hafa leyft, hefur ekki verið rökstudd nægjanlegum gögnum eða ef notkun í þriðju löndum, sem hefur í för með sér efnaleifar í eða á matvælum sem kunna að fara í dreifingu á markaði bandalagsins, hefur ekki verið rökstudd með nægjanlega traustum gögnum.
- 3) Stöðugt ber að endurskoða leyfilegt hámarksmagn varnarefnaleifa. Heimilt er að breyta magninu með tilliti til nýrra upplýsinga og gagna.

⁽¹⁾ Stjútð. EB L 340, 9.12.1976, bls. 26.

⁽²⁾ Stjútð. EB L 184, 12.7.1997, bls. 33.

⁽³⁾ Stjútð. EB L 221, 7.8.1986, bls. 37.

⁽⁴⁾ Stjútð. EB L 194, 27.7.1999, bls. 36.

⁽⁵⁾ Stjútð. EB L 221, 7.8.1986, bls. 43.

⁽⁶⁾ Stjútð. EB L 350, 14.12.1990, bls. 71.

- 4) Aramít, barban, klórbensílat, klórfenson, klóroxúron, klórbensíð, 1,1-díklór-2,2-bis(etýl-fenýl)-etan og díallat eru annað hvort ekki lengur heimiluð til notkunar innan bandalagsins eða ekki lengur í notkun innan bandalagsins. Með tilskipun ráðsins 82/528/EBE ⁽¹⁾ voru leifar aramíts og klórfensons felldar brott úr II. viðauka við tilskipun 76/895/EBE en hefur síðan þá ekki verið bætt við viðaukana við tilskipanir 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE. Með tilskipun ráðsins 93/58/EBE ⁽²⁾ voru leifar klórbensíðs og 1,1-díklór-2,2-bis(4-etýl-fenýl)-etans felldar brott úr II. viðauka við tilskipun 76/895/EBE, en hefur síðan þá ekki verið bætt við viðaukana við tilskipanir 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE. Nauðsynlegt er að bæta öllum þessum leifum við viðaukana við tilskipanir 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE svo að hægt sé að fylgjast með og hafa eftirlit með notkun þeirra og til að vernda neytendur
- 5) Takmörkuð leyfi fyrir klórbúfam og metoxyklór eru enn í gildi í bandalaginu. Þess er ekki vænst að heimiluð notkun valdi greinanlegum leifum í matvælum. Leyfilegt hámarksmagn fyrir þessar leifar hefur verið ákvarðað í II. viðauka við tilskipun 76/895/EBE.
- 6) Nauðsynlegt er að taka upp ákvæði tilskipunar 76/895/EBE í tilskipunum 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE til þess að ákvarða leyfilegt hámarksmagn varnarefnaleifa fyrir barban, klórbúfam, klórbensílat, klóroxúron, díallat og metoxyklór innan bandalagsins. Nokkrum þessara ákvæða ber að breyta í ljósi framfara í vísindum og tækni, sem og breytinga á notkun eða leifum á innlendum vettvangi eða á vettvangi bandalagsins.
- 7) Leyfilegt hámarksmagn leifa í bandalaginu og það magn, sem mælt er með í Codex Alimentarius, er ákvarðað og metið með svipuðum aðferðum. Að klórbensílati undanskildu hefur ekkert hámarksmagn leifa verið ákvarðað í Codex fyrir virku efnin sem þessi tilskipun gildir um. Leyfilegt hámarksmagn leifa í Codex fyrir klórbensílat hefur verið afturkallað ⁽³⁾. Leyfi fyrir plöntuvarnarefnum í þriðju löndum getur byggst á meira magni varnarefna eða skemmra hléi á notkun fyrir uppskeru en leyft er í bandalaginu og getur því haft í för með sér meira magn leifa. Ráðgjast hefur verið við viðskiptalönd bandalagsins, gegnum Alþjóðaviðskiptastofnunina, um það magn sem ákvarðað hefur verið í þessari tilskipun og athugasemdir þeirra teknar til greina og ræddar í fastanefndinni um plöntuheilbrigði. Evrópubandalagið mun kanna möguleikann á því að ákvarða vikmörk fyrir leyfilegt hámarksmagn leifa tiltekinnar samsetninga varnarefna og plantna þegar um innflutning er að ræða ef viðunandi gögn eru lögð fram.
- 8) Leyfilegt hámarksmagn varnarefnaleifa, sem ákvarðað er með þessari tilskipun, getur þurft að endurskoða á grundvelli endurmats á virkum efnum sem kveðið er á um í vinnuáætluninni sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ⁽⁴⁾ eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/80/EB ⁽⁵⁾.
- 9) Á grundvelli þeirra upplýsinga, sem er að finna í Codex Alimentarius, var leyfilegt hámarksmagn kartapleifa í tei ákvarðað 20 mg/kg í löggjöf bandalagsins. Á 29. fundi Codex-nefndarinnar um varnarefnaleifar var mælt með því að öll gildi fyrir leyfilegt hámarksmagn hins virka efnis verði afturkölluð ⁽⁶⁾.
- 10) Þar eð lýsingar á SAT-númerum í I. og II. viðauka við tilskipun 86/363/EBE eru ekki nægilega skýrar hafa komið upp vandamál við flokkun sýna að því er varðar tilkynningarregluna samkvæmt 7. gr. tilskipunar 86/363/EBE.
- 11) Notkun DDT sem plöntuvarnarefnis er óheimil í bandalaginu. Til að gera ráð fyrir þeim möguleika að umhverfismengun af völdum leifa geti valdið því að DDT-leifar fyrirfinnist í eggjum var ákveðið með tilskipun ráðsins 93/57/EBE ⁽⁷⁾ að leyfilegt hámarksmagn leifa fyrir DDT í fuglseggjum og eggjarauðum skyldi vera 0,1 mg/kg í löggjöf bandalagsins. Eftirlitsgögn um DDT í eggjum í aðildarríkjum bandalagsins og í Noregi gefa til kynna að hægt sé að draga úr þessu leyfilega hámarksmagni.

⁽¹⁾ Stjttð. EB L 234, 9.8.1982, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttð. EB L 211, 23.8.1993, bls. 6.

⁽³⁾ ALINORM 93/24A.

⁽⁴⁾ Stjttð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjttð. EB L 210, 10.8.1999, bls. 13.

⁽⁶⁾ ALINORM 97/24A, II. viðauki

⁽⁷⁾ Stjttð. EB L 211, 23.8.1993, bls. 1.

- 12) Þær ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á II. viðauka við tilskipun 76/895/EBE:

1. Færslur, sem vísa til klórbensílat, klóroxúrons og metoxýklórs, falli brott.
2. „Klórprófam“ komi í stað „barbans, klórprófams og klórbúfams“.
3. „Tríallat“ komi í stað „díallats og tríallats“.

2. gr.

Tilskipun 86/362/EBE er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi varnarefnaleifum skal bæta við A-hluta II. viðauka:

Varnarefnaleif	Hámarks magn (mg/kg)
Barban	0,05 (*)
Klórbensílat	0,02 (*)
Klórbúfam	0,05 (*)
Klórbensíð	0,01 (*)
Klóroxúron	0,05 (*)
Aramít	0,01 (*)
Klórífenon	0,01 (*)
Metoxýklór	0,01 (*)
1,1-díklóró-2,2-bis(4-etyl-fenýl-)etan	0,01 (*)
Díallat	0,05 (*)

(*) Sýnir lægri mörk greiningarákvörðunar.

3. gr.

Tilskipun 86/363/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi varnarefnaleifum skal bæta við A-hluta II. viðauka:

Varnarefnaleif	Hámarks magn (mg/kg)		
	Af fitu sem er í kjöti, unnum kjötvörum, innmati og dýrafitu sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0201, 0202, 0203, 0204, 0205 00 00, 0206, 0207, úr 0208, 0209 00, 0210, 1601 00 og 1602 (1) (4)	Fyrir mjólk og nýmjólk úr kúm sem skráð er í I. viðauka undir SAT-númeri 0401; fyrir önnur matvæli undir SAT-númerum 0401, 0402, 0405 00 og 0406 í samræmi við (2) (4)	Af skurmlausum nýjum eggjum fyrir fuglasegg og eggjarauður sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0407 00 og 0408 (3) (4)
Aramít	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)
Klórífenon	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)
Klóroxúron	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)
Klórbensíð	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)

Varnarefnaleif	Hámarks magn (mg/kg)		
	Af fitu sem er í kjöti, unnum kjötvörum, innmati og dýrafitu sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0201, 0202, 0203, 0204, 0205 00 00, 0206, 0207, úr 0208, 0209 00, 0210, 1601 00 og 1602 ⁽¹⁾ ⁽⁴⁾	Fyrir mjólk og nýmjólk úr kúm skráða í I. viðauka undir SAT-númeri 0401; fyrir önnur matvæli undir SAT-númerum 0401, 0402, 0405 00 og 0406 í samræmi við ⁽²⁾ ⁽⁴⁾	Af skurmlausum nýjum eggjum fyrir fuglseggi og eggjarauður sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0407 00 og 0408 ⁽³⁾ ⁽⁴⁾
Metoxýklór	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)
1,1-díklóró-2,2-bis (4-etyl-fenýl)-etan	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)
Barban	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)
Klórbenzilat	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)

(*) Sýnir lægri mörk greiningarákvörðunar.

⁽¹⁾ Þegar um er að ræða matvæli með 10% fituinnihaldi eða minna miðast leifarnar við heildarþyngd úrbeinaðra matvæla.

Í slíkum tilvikum er hámarks magnið einn tíundi af magninu miðað við fituinnihald en verður að vera að minnsta kosti 0,01 mg/kg.

⁽²⁾ Þegar ákvarða skal leifamagnið í hrárrí mjólk og nýmjólk úr kúm er miðað við 4% fituinnihald miðað við þyngd.

Fyrir hrámjólk og nýmjólk úr öðrum dýrum eru leifarnar gefnar upp miðað við fituinnihald. Fyrir önnur matvæli skráð í I. viðauka undir SAT-númerum 0401, 0402, 0405 00 og 0406:

— með fituinnihaldi innan við 2% miðað við þyngd er hámarks magnið helmingur af því sem sett er fyrir hrámjólk og nýmjólk,

— með fituinnihaldi 2% eða meira miðað við þyngd er hámarks magn gefið upp í mg/kg af fitu. Í slíkum tilvikum er hámarks gildið 25 sinnum það sem sett er fyrir hrámjólk og nýmjólk.

⁽³⁾ Fyrir egg og eggafurðir með meira en 10% fituinnihaldi er hámarks magn gefið upp í mg/kg af fitu. Í slíkum tilvikum er hámarks magnið 10 sinnum það sem sett er fyrir ný egg.

⁽⁴⁾ 1., 2. og 3. neðanmálgrein gilda ekki ef lægra mark greiningarákvörðunar er gefið upp.

2. Eftirfarandi varnarefnaleifum skal bæta við B-hluta II. viðauka:

Varnarefnaleif	Hámarks magn (mg/kg)		
	Af kjöti, þar með talinni fitu, unnum kjötvörum, innmati og dýrafitu sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0201, 0202, 0203, 0204, 0205 00 00, 0206, 0207, úr 0208, 0209 00, 0210, 1601 00 og 1602	Fyrir mjólk og mjólkurvörur sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0401, 0402, 0405 00, 0406	Af skurmlausum nýjum eggjum, fyrir fuglseggi og eggjarauður sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0407 00 og 0408
Klórþúfám	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)
Dfallat	0,2 (*)	0,2 (*)	0,2 (*)

(*) Sýnir lægri mörk greiningarákvörðunar.

- Í I. viðauka komi „Annað kjöt og ætur kjötinnmatur úr alidúfum, alikanínum og veiðidýrum, ferskur, kældur eða frosinn“ í stað textans í dálknum „Lýsing“ sem á við um SAT-númerið úr 0208.
- Í dálknum „kjöt“ í töflunum í A- og B-hluta II. viðauka komi „0201“ í stað „úr 0201“.
- Í dálknum, sem á við um fuglseggi og eggjarauður í töflunni í A-hluta, komi gildið 0,05 mg/kg í stað gildisins 0,1 mg/kg fyrir DDT.

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaefir og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg)									
	Metoxý-klór	Barban	Aramít	Klór-fenson	Klór-bensílat	Klór-búfam	Klór-oxúron	Klór-bensíð	Díallat	1,1-díklóró-2,2-bis-(4-etyl-fenýl)-etan
3. Belgávextir Baunir Linsubaunir Ertur Annað	0,01 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,02 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)
4. Olúfræ Höfræ Jarðhnetur Valmúafæ Sesamfræ Sólblómafæ Repjufræ Sojabaunir Mustarðskorn Baðmullarfræ Annað	0,01 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,02 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)
5. Kartöflur Sumarkartöflur Kartöflur af haustuppskeru	0,01 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,02 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)
6. Te (þurrkuð lauf og stilkir, einnig gerjuð, <i>Camellia sinensis</i>)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)
7. Humlar (þurkaðir), þar með taldir humlakögglar og óþykkjað duft	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)

(*) Sýnir lægri mörk greiningarákvörðunar.

- Í flokknum „2.5(a) Salat u.ä.“ í I. og II. viðauka þýska textans komi heitið „Salat“ í stað heitisins „Kopfsalat“.
- Í flokknum „2.5(a) Sla en dergelijke“ í I. og II. viðauka hollenska textans komi heitið „Sla“ í stað heitisins „Kropsla/ijsbergsla“.
- Í II. viðauka skal leyfilegt hámarks magn leifa fyrir kartapa í tei (þurrkuð lauf og stilkir, einnig gerjuð, *Camellia sinensis*) ákvarðað 0,1 (*) mg/kg (þar sem (*) gefur til kynna að þetta magn sé við lægri mörk greiningarákvörðunar).

5. gr.

- Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.
- Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýsluákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2000. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.
- Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 1. janúar 2001.

4. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. apríl 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.
